

ur Ólafsson Pétursson, neitaði að sögn vitnisins Ólafs um leyfi til vínleitar í bifreiðinni.

Svo sem málum er háttað og að framan hefur verið lýst þykir rétt með hliðsjón af 48. gr. laga nr. 27/1951 og 19. sbr. 42. gr. laga nr. 58/1954 að verða við ósk lögreglunnar og heimila henni leit að áfengi í nefndri leigubifreið.

Því úrskurðast:

Lögreglunni í Reykjavík er heimilt að gera leit að áfengi í leigubifreiðinni R 2501.

Miðvikudaginn 8. júní 1960.

Nr. 122/1959. **Hörður Ólafsson** (sjálfur)

gegn

Ragnari Blöndal h/f og Gunnari Hall

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1959 og krafizt þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 45.905.60 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % þeirrar fjárhæðar í þóknun og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi afrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Við einkaskuldaskil á búi Ragnars Blöndals h/f árið 1955 voru samkvæmt skýrslum máls þessa greiddar almennar kröfur, að fjárhæð kr. 10.207.798.73, með 60% af nafnverði auk innheimtulauna, þ. e. með kr. 6.348.974.81 Með fullu nafnverði voru greiddar:

1. Forgangskröfur	kr. 791.284.48
2. Almennar kröfur, þar með dómskuldir —	3.732.097.80
Af kröfum þeim, sem getur undir nr. 2, greiddi Nærfatagerðin Lilla h/f, sem stjórnað er af stefnda Gunnari Hall og konu hans	
	— 1.272.357.09
og frú Ilse Blöndal, stjórnarformaður Ragnars Blöndals h/f	
	— 200.000.00

Áfrýjandi setti það skilyrði fyrir 40% eftirgjöf af kröfum sínum, „að allir kreditorar samþykki“ slíka eftirgjöf. Þar sem þessu skilyrði er eigi fullnægt, ber að dæma stefndu in solidum til að greiða honum eftirstöðvar krafna hans, kr. 45.905.60 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ þeirrar fjárhæðar í þóknun og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Áfrýjandi hefur krafizt þess, að umboðsmaður stefndu, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdur til greiðslu fésektar fyrir vísvitandi rangan málflutning. Eigi eru efni til að taka kröfu þessa til greina.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Blöndal h/f og Gunnar Hall, greiði áfrýjanda, Herði Ólafssyni, in solidum kr. 45.905.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ þeirrar fjárhæðar í þóknun og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. apríl 1958, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir sáttanefnd, gegn firmanu Ragnari Blöndal h.f., Austurstræti 10, og Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64, hér í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld, að fjárhæð kr. 37.524.48 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955

til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins.

Við hinn munnlega flutning málsins hækkaði stefnandi með samþykki umboðsmanns stefnda kröfu sína í kr. 45.905.60. Krafðist hann jafnframt 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ í þóknun auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Stefndi Ragnar Blöndal h.f. rak á sínum tíma verzlun í Austurstræti 10 hér í bæ. Stefndi Gunnar Hall, sem var meðeigandi í hlutafélaginu, hafði með höndum framkvæmdastjórn þess. Á árinu 1954 skorti fyrirtækið mjög rekstrarfé. Leitaði stefndi Gunnar þá eftir lánsfé utan lánastofnana. Komst hann í samband við stefnanda, sem keypti allmikið af víxlum af honum. Voru víxlar þessir útgefnir af stefnda Gunnari, en samþykktir af stefnda Ragnari Blöndal h.f. Um áramótin 1954—1955 var svo komið fjárhag fyrirtækisins, að ákveðið var að hætta verzlunarrekstrinum. Um áramótin tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að rannsaka hag fyrirtækisins. Rétt fyrir áramótin fór fram vörutalning, og meðan á henni stóð, kannaði hæstaréttarlögmaðurinn eftir föngum, hverjar væru skuldir fyrirtækisins. Leiddi athugun hans í ljós, að skuldir fyrirtækisins voru mjög miklar. Taldi hæstaréttarlögmaðurinn, að með því að skuldheimtumenn fyrirtækisins gæfu eftir 40% af skuldakröfum sínum, gæti fyrirtækið greitt hinn hlutann. Fyrstu dagana í janúar lét hann því útbúa skjal með svofelldri yfirskrift:

„Við undirritaðir skuldheimtumenn Ragnars H. Blöndal h.f. og Gunnars Hall, kaupm. í Reykjavík, samþykkjum hér með að gefa fullnaðarkvittanir fyrir skuldum okkar gegn greiðslu á 60% — sextíu af hundraði — af höfuðstól skuldarinnar.“

Á skjal þetta rituðu um 30 kröfuhafar eða umboðsmenn þeirra, þar á meðal stefnandi. Hefur ljósmynd af skjalinu verið lögð fram í málinu. Sést þar, að þeir, sem undir skjalið rituðu, hafa lýst þar skuldakröfum að nafnverði um 3.700.000.00, flestir án athugasemda. Stefnandi skrifaði á skjalið: „Hörður Ólafsson gegn greiðslu fyrir 31/1/55 og gegn því, að *allir* kreditorar samþykki, v/innh. 234.000.00.“

Var hér um að ræða 10 víxla, samtals að fjárhæð kr. 234.-

528.00, sem allir voru útgefnir af stefnda Gunnari og samþykktir af stefnda Ragnari Blöndal h.f.

Hinn 2. marz 1955 greiddi fyrrnefndur hæstaréttarlögmaður stefnanda kr. 140.716.80, sem var 60% af nafnverði víxlanna, og afhenti stefnandi hæstaréttarlögmanninum víxlana 10 í staðinn. Kveður stefnandi þetta hafa verið gert til efnda á loforði hans um 40% eftirgjöfina. Eru stefnandi og hæstaréttarlögmaðurinn á einu máli um það, að afhendingar þessar hafi farið fram, án þess að nokkrar sérstakar yfirlýsingar, munnlegar eða skriflegar, hafi átt sér stað í því sambandi og hvorugur hafi gefið kvittun fyrir móttöku þess, sem afhent var.

Með ákæruskjali, dagsettu 29. nóvember 1957, var ákveðið að höfða opinbert mál á hendur stefnanda vegna víxilafskipta hans við stefndu. Gekk dómur í héraði hinn 19. júní 1958 og í Hæstarétti 17. apríl 1959. Urðu úrslit málsins þau, að talið var samkvæmt vaxtareikningum löggilts endurskoðanda, að stefnandi hefði áskilið sér í vexti af víxillánum kr. 47.905.60 umfram lögleyfða 8% ársvexti, og eins og saksókn var háttað, þótti bera að leggja vaxtareikninga þessa til grundvallar, enda var þá talið, að eigi væri á stefnanda hallað. Var stefnanda gert að greiða kr. 191.625.00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum laga nr. 73/1933.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að skilmáli sá eða skilyrði, er hann setti fram við loforð sitt um 40% eftirgjöf af nafnverði víxlanna, hafi verið þverbrotið og sé það nú orðið „notorískt“. Þannig hafi hlutafélagið og Gunnar Hall greitt bæjarsjóði Reykjavíkur allar útsvarsskuldir sínar. Auk þess hafi Högni Jónsson hdl. fengið kröfu sína greidda að fullu, en krafa sú hafi verið dæmd í Hæstarétti 2. nóvember 1955. Telur stefnandi sig þannig óbundinn af loforði sínu um eftirgjöfina. Til vara hefur stefnandi byggt kröfur sínar á 74. gr. víxillaganna. Upphæð dómkröfunnar finnur stefnandi þannig út, að hann dregur kr. 140.716.80 frá nafnverði víxlanna, kr. 234.528.00, og fær þá út 40% eftirgjöfina, kr. 93.811.20. Frá þeirri fjárhæð dregur hann oftekna vexti samkvæmt áðurnefndum hæstaréttardómi, kr. 47.905.60, og fær þá út dómkröfuna, kr. 45.905.60.

Við hinn munnlega málflutning voru kröfur stefndu studdar þessum rökum: Í fyrsta lagi, að allir almennir kröfuhafar, sem vitað var um, hafi samþykkt 40% eftirgjöf af kröfum sínum, áður en skuldaskilin fóru fram, og er það staðhæft af hálfu stefndu,

að kröfuhöfum þessum hafi ekki á nokkurn hátt verið mismun-
að. Hins vegar er það viðurkennt af þeirra hálfu, að forgangs-
skuldir eins og útsvör, vinnulaun og aðrar slíkar hafi verið
greiddar, enda hafi ekki komið til mála að leita eftir afslætti
á þeim. Að því er varðar kröfu Högna Jónssonar, hafa stefndu
á það bent, að opinber innköllun hafi ekki átt sér stað. Stefn-
anda, sem var um þetta kunnugt, mátti því vera ljóst, að ekki
var hægt að staðreyna nákvæmlega eða endanlega allar almenn-
ar kröfur. Með greiðslu forgangskrafna og 60% af almennum
kröfum hafi öllum eignum fyrirtækisins verið ráðstafað. Til
þess að skuldaskilin gætu farið þannig fram, hafi tiltekinn aðili
tekið að sér ábyrgð á greiðslu krafna þeirra, sem ekki var vitað
um við skuldaskilin. Hafi aðili þessi því greitt kröfu Högna
Jónssonar auk tveggja annarra dómskulda, er fram komu eftir
skuldaskilin. Í öðru lagi telja stefndu, að fyrirvarar stefnanda
hafi fallið niður, þegar hann tók við greiðslu þann 2. marz 1955.
Er stefnandi tók við greiðslunni, hafi það skilyrði, að greiðsla
færi fram fyrir 31. janúar, að sjálfsgöðu niður fallið. Stefnandi
hafi hins vegar ekki gert neina athugasemd eða ítrekun á síð-
ari fyrirvaranum, þ. e. að allir kreditorar samþykktu, er hann
tók við greiðslunni. Með því að taka þannig fyrirvaralaust við
greiðslunni, telja stefndu alveg tvímælalaust, að stefnandi hafi
einnig fallið frá þessum fyrirvara sínum. Í þriðja lagi hafa
stefndu haldið því fram, að réttur stefnanda sé fallinn niður
fyrir vangeymslu. Stefnandi hafi hvorki endurnýjað fyrirvara
sinn né gert reka að heimtu kröfu þeirrar, er hann telur sig nú
eiga, fyrr en liðin voru full þrjú ár frá því að endanlegt upp-
gjör fór fram. Telja stefndu þetta sjónarmið styðjast við megin-
reglur samningalaganna og lausafjárkaupalaganna, og einnig
hafa þeir í þessu sambandi bent á dóm Hæstaréttar í málinu
nr. 4/1956, sem kveðinn var upp 11. febrúar 1957. Auk þess
sé á það að líta, að stefnandi hafi látið líða meir en ár, frá því
að dómur gekk í Hæstarétti í máli Högna Jónssonar, þar til
hann hófst handa um málsókn þessa. Í þessu sambandi hafa
stefndu á það bent, að fjármálamaður eins og stefnandi, sem er
lögfræðingur og þar að auki átti hagsmuna að gæta við fjár-
málauppgjör Ragnars Blöndals h.f., hafi verið mæta vel um
það kunnugt, hvernig það fór fram, enda hafi það almennt ekki
vakið svo litla eftirtekt. Af þessu öllu sé ljóst, að um svo veru-
legt aðgerðarleysi hafi verið að ræða hjá stefnanda, að hann

hafi með því glatað öllum rétti, hafi hann átt nokkra kröfu á hendur stefndu, sem að sjálfsgöðu sé mótmælt með öllu.

Að lokum hafa stefndu ex tuto bent á það, að með uppgjöri því, sem gert var, hafi stefnandi borið meir úr bítum en ef búin hefðu verið tekin til gjaldþrotaskipta, og eigi þetta sjónarmið því einnig að leiða til sýknu þeirra.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti stefnandi þeirri staðhæfingu umboðsmanns stefndu (við hinn munnlega flutning), að almennum kröfuhöfum, sem eins stóð á um og stefnanda og vitað var um, er uppgjöf fór fram, hafi ekki verið mismunað við uppgjörið.

Á stefnanda hvílir sönnunarbyrðin um það, að stefndu hafi mismunað kröfuhöfum sínum við umrætt uppgjör. Eins og málalíbúnaði stefnanda er háttað, þykir staðhæfing þessi ekki of seint fram komin.

Stefnandi hélt því einnig fram, að hann hafi fyrst hinn 16. apríl 1958 fengið vitneskju um það, að kröfuhöfum stefndu hafi verið mismunað við uppgjörið. Af hans hálfu sé því ekki um aðgerðarleysi að ræða. Þá hefur hann einnig haldið því fram, að ástæðulaust hafi verið fyrir hann að endurnýja fyrirvara sinn, þegar hann tók við greiðslu. Að lokum hefur stefnandi lagt áherzlu á það, að við undirskrift áðurgreinds skjals hafi hann í fyrirvara sínum undirstrikað orðið allir, og telur, að með því hafi hann átt við alla kröfuhafa, bæði forgangskröfuhafa og almenna kröfuhafa.

Fyrirvari stefnanda um, að allir kreditorar samþykktu, verður vart skilinn á annan hátt en þann, að þar sé átt við almenna kröfuhafa, þar sem stefnandi mátti ætla, að búin ættu eignir til þess að fullnægja forgangskröfuhöfum. Stefnandi hefur ekki sannað, að almennir kröfuhafar hafi fengið meira en 60% af skuldum sínum greiddar við uppgjör. Þegar þetta er virt svo og það, að stefnandi tók við greiðslu án þess að endurnýja eða ítreka á nokkurn hátt fyrri fyrirvara sína, og höfð er hliðsjón af samskiptum aðilja að öðru leyti, þá verður að telja, að stefnandi geti ekki nú endurkafið stefndu um þann hluta eftirgjafarinnar, sem ekki eru öloglega teknir vextir. Verður krafa stefnanda því ekki á þessu byggð.

Eins og áður greinir, hefur stefnandi til vara byggt kröfur sínar í máli þessu á 74. gr. víxillaganna. Hafði stefnandi þessa málsástæðu strax uppi í sáttakæru. Af hálfu aðilja hefur at-

riði þetta þó hvorki verið reifað í greinargerðum né í hinum munnlega málflutningi. Með hliðsjón af því, sem áður hefur verið rakið hér að framan, þykja ekki rök liggja að því, að stefnandi geti byggt rétt á ákvæði þessu.

Úrslit málsins verða þá þau, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Blöndal h.f. og Gunnar Hall, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Harðar Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. júní 1960.

Nr. 92/1960. **Magnús Andrésson**

gegn

**The Bank of Nova Scotia og
Bjarna Guðmundssyni.**

Dómenndur:

**hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Ólafur Jóhannesson.**

Kærumál. Heitfesting löggilts skjalabýðara.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. f. m., er barst dóminum hinn 25. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja The Bank of Nova Scotia eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili The Bank of Nova Scotia krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.